# SUNDURLIÐUN FJÁRFESTINGA

## LÍFEYRISSJÓÐIR OG VÖRSLUAÐILAR LÍFEYRISSPARNAÐAR

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# SUNDURLIÐUN FJÁRFESTINGA

## LÍFEYRISSJÓÐIR OG VÖRSLUAÐILAR LÍFEYRISSPARNAÐAR VEGNA SKÝRSLU UM SUNDURLIÐUN FJÁRFESTINGA

Gagnamódel útgáfa 5.2.

Janúar 2022

# Efnisyfirlit


1 Inngangur 5

2 Gögn 5

- 2.1 Fjárfesting 5
- 2.2 Tegund 5
- 2.3 Kennitala 5
- 2.4 Deild 5
- 2.5 Dagsetning 5
- 2.6 Útgefandi/Kennitala 5
- 2.7 ÚtgefandiLEI (erlenduraðili) 5
- 2.8 ÚtgefandiHeiti 6
- 2.9 RekstrarfélagKennitala 6
- 2.10 RekstrarfélagLEI (erlenduraðili) 6
- 2.11 RekstrarfélagNafn 6
- 2.12 ISIN 6
- 2.13 Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer 6
- 2.14 Meðallíftími 6
- 2.15 Skráð 6
- 2.16 Verðtryggt 7
- 2.17 Fjöldi 7
- 2.18 Gengi 7
- 2.19 Gjaldmiðill 7
- 2.20 GengiGjaldmiðils 7
- 2.21 BókfærtVerð 7
- 2.22 Heildarverðmæti 7
- 2.23 Kröfuvirði/verðmat fasteigna 7
- 2.24 Vanskil og staða innheimtu 8
- 2.25 Fjárhæð í vanskilum 8
- 2.26 Varúðarniðurfærsla 8
- 2.27 Kaupkrafa/Gangvirði 8
- 2.28 Uppgreiðanlegt skuldabréf 8
- 2.29 Útgáfudagur 8
- 2.30 Lokagjalddagi 9
- 2.31 ÍSAT2008 9
- 2.32 Rekstrarform 9
- 2.33 Útgáfuland 9
- 2.34 Lokagjalddagi 9
- 2.35 LTV (veðtryggð skuldabréf) 10
- 2.36 Vextir 10
- 2.37 Afleiður 10
- 2.38. Ytri lánshæfismatsaðili 10
- 2.39. Innra lánshæfismat, einkunn 11
- 2.40. Nafnávöxtun 11
- 2.41. Athugasemd 12

3 Gagnareglur 12

4 Viðauki 12

# 1. Inngangur

Með vísan í 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og1. mgr. 44. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) kallað eftir upplýsingum um fjárfestingar lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar í þeim tilgangi að hafa eftirlit með fjárfestingum þeirra og að þær séu í samræmi við ákvæði VII. kafla og VII. kafla A laga nr. 129/1997.

Senda ber sérgreindar upplýsingar fyrir hverja deild/leið/sjóð þar sem tilgreindar eru allar fjárfestingar hverrar deildar/leiðar/sjóðs. **Athugið að allir reitir eru skyldureitir nema annað sé tekið fram.**

Útbúið hefur verið XML Schema sem innsend gögn á XML formi verða að passa við.

# 2. Gögn

Öll innsend gögn þurfa að falla undir eftirfarandi XML schema gagnamódel.

### 2.1. Fjárfesting

Ein lína er send inn fyrir hverja fjárfestingu.

### 2.2. Tegund

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Tegund fjárfestingar, flokkuð eftir fyrirfram tilgreindum tegundaflokkum samanber tl. 1 – 6 í 36. gr. a. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Valkostir fyrir lífeyrissjóði:

- Ríkisvíxlar og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)

### 2.3. Kennitala

*Type: xs:string*

Skrá kennitölu lífeyrissjóðs eða deildar.

### 2.4. Deild

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Listi yfir alla sjóði og deildir sem haka þarf við.

### 2.5. Dagsetning

*Type: xs:date*

Skyldureitur – Merkja við þann ársfjórðung sem við á 31.3.20xx, 30.6.20xx, 30.9.20xx eða 31.12.20xx.

### 2.6. ÚtgefandiKennitala

*Type: xs:string*

*Length: 10*

*Pattern: ([0-9]{10})?*

Kennitala útgefanda, innlánsstofnunar eða mótaðila.

Vegna persónuverndarsjónarmiða skal ekki fylla út kennitölu einstaklinga í tilviki fasteignaveðtryggðra lána. Því skal hafa kennitölu lífeyrissjóðsins sé um að ræða sjóðfélagalán. Til að aðgreina sjóðfélagalán skal setja lánsnúmer eða annað einstakt auðkennisnúmer inn í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer“ (liður 2.1.10).

Sé um að ræða Fasteignir (E.c) skal slá inn kennitölu lífeyrissjóðsins en slá skal inn fastanúmer hverrar einstakrar fasteignar í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer“ (liður 2.1.10).

### 2.7. ÚtgefandiLEI (erlendur aðili)

*Type: xs:string*

*Length: 20*

*Pattern: ([0-9]{10})?*

Vegna erlendra aðila, sem ekki eru með skráða íslenska kennitölu, skal skrá LEI (e. Legal Entity Identifier) númer hafi útgefandi slíkt.

### 2.8. ÚtgefandiHeiti

*Type: xs:string*

*Length: 100*

Nafn útgefanda, innlánsstofnunar eða mótaðila (löglegt nafn félags eins og það er skráð).

Ef um er að ræða sjóð skal setja nafn hans (löglegt nafn sjóðs eins og það er skráð) en ekki nafn rekstrarfélags eða yfirsjóðs (e. umbrella fund).

*Athugið*: Vegna persónuverndarsjónarmiða er í tilviki fasteignaveðtryggðra lána til einstaklinga óskað eftir því að útgefandi fái heitið „Einstaklingur". Til að aðgreina sjóðfélagalán skal setja lánsnúmer eða annað einstakt auðkennisnúmer inn í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer" (liður 2.1.10).

Ef um er að ræða Fasteign (E.c) skal skrifa heimilisfang viðkomandi fasteignar.

### 2.9. RekstrarfélagKennitala

*Type: xs:string*

*Length: 10*

*Pattern: ([0-9]{10})*

Kennitala rekstrarfélags (á einungis við ef fjárfest er í sjóðum eða fjármálagerningum útgefnum af sjóðum).

### 2.10. RekstrarfélagLEI (erlendur aðili)

*Type: xs:string*

*Length: 20*

*Pattern: ([0-9]{10})*

LEI (e. Legal Entity Identifier) skal skrá fyrir erlend rekstrarfélög hafi þau löglegt LEI númer. Skrá skal LEI númer fyrir bæði rekstraraðila og hlutdeildarsjóðinn (skráð undir reitinn Útgefandi LEI sjá kafla 2.7 hér að ofan).

### 2.11. RekstrarfélagNafn

*Type: xs:string*

*Length: 100*

Nafn rekstrarfélags (á einungis við ef fjárfest er í sjóði).

### 2.12. ISIN

*Type: xs:string*

*Length: 12*

*Pattern: ([A-Z|0-9]{12})?*

ISIN númer fjármálagernings - International Securities Identification Number, útgefið af National Numbering Agency (NNA), ef það er til staðar.

### 2.13. Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer

*Type: xs:string*

*Length: 255*

Auðkenni allra fjármálagerninga sem við á. Í tilviki verðbréfa skal skrá inn kauphallarauðkenni eða annað lýsandi auðkenni ef verðbréf er ekki skráð.

Lánanúmer fasteignaveðtryggðra lána til einstaklinga og fyrirtækja eða annað einstakt lánsnúmer til aðgreiningar.

Ef um er að ræða fjárfestingu í fasteign (E.c) skal slá inn fastanúmer fasteignarinnar.

Ef ekkert að ofan á við, skal velja „Á ekki við"

### 2.14. Meðallíftími

*Type: xs:double*

Meðallíftími í árum (e. duration).

Skylda er að skila þessum upplýsingum fyrir eftirfarandi flokka:

- Ríkisvíxla og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b) (ef um bundin innlán er að ræða)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

Meðallíftími á ekki við um eftirfarandi flokka:

- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
- Fasteignir (E.c)

### 2.15. Skráð

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Haka skal við hvort fjármálagerningur sé skráður eða ekki. Sé fjármálagerningur skráður á MTF (markaðstorg fjármálagerninga í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfar reglulega, er opið almenningi og viðurkennt á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan) skal merkja við „Skráð á MTF".

Valmöguleikar:

- Skráð
- Skráð á MTF
- Óskráð
- Á ekki við

Velja skal „Á ekki við“ fyrir eftirfarandi eignaflokka:

- Ríkisvíxlar- og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Innlán (B.b)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
    - o ATH! aðeins ef sjóðurinn er með innlausnarskyldu, annars „Skráð“ eða „Óskráð“
- Fasteignir (E.c)

Ávallt skal velja, eftir því sem við á, „Skráð“, „MTF“ eða „Óskráð“ fyrir aðra einstaka fjármálagerninga sem tilheyra öðrum eignaflokkum en tilgreindir eru hér að framan.

## 2.16. Verðtryggt

*Type: xs:boolean*

Upplýsingar um það hvort viðkomandi fjárfesting sé verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eða ekki.

Einungis skal haka við ef fjárfesting er verðtryggð.

## 2.17. Fjöldi

*Type: xs:decimal*

Fjöldi eininga eða nafnverð verðbréfa.

Fjöldi eininga getur verið 19 tölustafir og þar af allt að 6 aukastafir, gildi getur verið neikvætt. Skrá skal 0 þegar dálkurinn „nafnávöxtun“ er fylltur út.

## 2.18. Gengi

*Type: xs:decimal*

Gengi (pr. hlut, gengi = 1 ef innlán í ISK).

## 2.19. Gjaldmiðill

*Type: xs:string*

*Length: 3*

*Pattern: [A-Z]**

Velja viðeigandi gjaldmiðil í samræmi við útgáfugjaldmiðil, sbr. lista í skýrslu.

## 2.20. GengiGjaldmiðils

*Type: xs:decimal*

Gengi gjaldmiðils eða velja ISK (Ef ISK þá gengi = 1). Miða skal við miðgengi Seðlabankans í lok uppgjörsdags. Ef ISK þá gengi = 1.Ef ISK þá gengi = 1.

## 2.21. BókfærtVerð

*Type: xs:decimal*

Bókfært verð m.v. uppgjörsdagsetningu í ISK.

(Fjöldi eininga * Gengi * Gengi gjaldmiðils = Bókfært verð).

## 2.22. Heildarverðmæti

*Type: xs:decimal*

Heildarverðmæti heildarútgáfu í ISK (m.v. uppgjörsdagsetningu skýrsluskila):

- Ríkisvíxlar- og skuldabréf (A.a)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b), ef við á annars 0.

Heildarvirði útgefinna hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í ISK (m.v. uppgjörsdagsetningu skýrsluskila):

- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)

Á ekki við:

- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Innlán (B.b)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)

Þegar dálkurinn „nafnávöxtun“ er fylltur út skal skrá 0.

## 2.23. Kröfuvirði/verðmat fasteignar

*Type: xs:decimal*

Upphæð fjárfestingar eða láns gagnvart lántaka, þ.e. upphæð kröfu eiganda skuldabréfs á lántaka.

Skrá inn verðmat vegna Fasteigna (E.c). Þegar reiturinn „nafnávöxtun“ er fylltur út skal slá inn 1.

Á ekki við:

- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

## 2.24. Vanskil og staða innheimtu

Upplýsingar um vanskil og stöðu innheimtu eiga einungis við um eftirtalda eignarfokka:

- Ríkisskuldabréf og víxla (A.a),
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b),
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a),
- Sértryggð skuldabréf (B.c),
- Skuldabréf og víxla lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðra fjármálagerninga (F.b)

### 2.24.1. Staða innheimtu

*Type: xs:string*

Staða innheimtu framangreindra eignaflokka:
Valmöguleikar:

1. Í skilum án endurskipulagningar
2. Í skilum eftir endurskipulagningu
3. Vanskil >90 dagar
4. Á ekki við

ATH! Ef útgefandi hefur gefið út fleiri en eitt skuldabréf skal staða innheimtu allra skuldabréfanna miðast við það sem verst stendur.

## 2.25. Fjárhæð í vanskilum

*Type: xs:decimal*

Hér skal slá inn útistandandi fjárhæðir/afborganir í vanskilum. Vanskil miðast við lán þar sem afborganir höfuðstóls og/eða vaxta eru í vanskilum umfram >90 daga.
Á ekki við:

- Innlán (B.b)
- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).
- Fasteignir (E.c)

## 2.26. Varúðarniðurfærsla

*Type: xs:decimal*

Slá skal inn varúðarniðurfærslu hafi slíkt mat farið fram hjá sjóðnum, séu upplýsingar fyrir hendi.

- Ef varúðarniðurfærsla er færð niður á einstaka útgefendur skal velja þann útgefanda sem færslan á við.
- Sé um að ræða varúðarniðurfærslu fyrir allan tegundarflokkinn þá skal færa inn nafn lífeyrissjóðs/deildar eða vörsluaðila sem útgefenda.

## 2.27. Kaupkrafa/Gangvirði

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Merkja skal við annan hvorn valmöguleikann eftir því hvernig fjármálagerningur er flokkaður í bókhaldi sjóðsins.

- Kaupkrafa
- Gangvirði

Á ekki við:

- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).
- Fasteignir (E.c)

## 2.28. Uppgreiðanlegt skuldabréf

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Velja skal viðeigandi valmöguleika fyrir skuldabréf:

- Já
- Nei
- Á ekki við

Hér skal einnig merkja við „já“ fyrir þau skuldabréf sem eru uppgreiðanleg með greiðsluálagi.
Á ekki við:

- Innlán (B.b)
- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).
- Fasteignir (E.c)

## 2.29. Útgáfudagur

*Type: xs:date*

Gefa skal upp útgáfudag fyrir eftirtalda tegundaflokka eftir því sem við á:

- Ríkisskuldabréf og víxla (A.a),
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b),
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a),
- Sértryggð skuldabréf (B.c),
- Skuldabréf og víxla lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a),

- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðra fjármálagerninga, þó ekki afleiður (F.b)

Á ekki við:

- Innlán (B.b)
- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).
- Fasteignir (E.c)

## 2.30. Lokagjalddagi

*Type: xs:date*

Gefa skal upp lokagjalddaga fyrir eftirtalda tegundaflokka eftir því sem við á:

- Ríkisskuldabréf og víxla (A.a),
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b),
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a),
- Innlán (B.b), ef við á.
- Sértryggð skuldabréf (B.c),
- Skuldabréf og víxla lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðra fjármálagerninga, þó ekki afleiður (F.b).

Á ekki við:

- Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b),
- Hlutabréf félaga (E.a),
- Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).
- Fasteignir (E.c)

## 2.31. ÍSAT2008

*Type: „ISAT“*

*Format: xx.yy.z*

Upplýsingar um ÍSAT2008 atvinnugreinaflokkun á Íslandi. Skrá skal atvinnugrein lífeyrissjóðsins/vörsluaðila í tilviki fasteignalána til einstaklinga.

Veljið ÍSAT sem samsvarar meginstarfsemi útgefanda fyrir bæði erlenda og innlenda aðila.

## 2.32. Rekstrarform

*Type: xs:string*

Merkja við lista yfir Rekstrarform RSK.

*Rekstrarform útgefanda eins og það er skráð hjá RSK*

| | |
|---|---|
| A1 | Einstaklingur í atvinnurekstri |
| A2 | Dánarbú einstaklings |
| AX | Einstaklingsfyrirtæki með kennitölu (skráð fyrir 1. júlí 2003) |
| B1 | Sameignarfélag almennt (sf.) |
| B2 | Sameignarfélag opinberir aðilar |
| BX | Önnur sameignarfélög (óskilgreind) |
| C1 | Samlagsfélag, almennt (slf.) |
| C2 | Byggðasamlag (bs.) |
| D1 | Hlutafélag, almennt (hf.) |
| D4 | Hlutafélög – opinber |
| DX | Útibú/deild hlutafélags |
| E1 | Einkahlutafélag (ehf.) |
| E1 | Einkahlutafélag (ehf.) – Alþjóðlegt viðskiptafélag (ehf. a.v.) |
| F1 | Samlagshlutafélag |
| G1 | Samvinnufélag (svf.) |
| G2 | Húsnæðissamvinnufélag |
| H1 | Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses.) |
| H2 | Sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá |
| HX | Aðrar sjálfseignarstofnanir – útibú/deild |
| K1 | Ríkisstofnun |
| K2 | Stofnun sveitarfélags |
| K3 | Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags |
| K4 | Opinber aðili |
| K5 | Stofnun/fyrirtæki í eigu erlends ríkis |
| KX | Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags |
| L1 | Sparisjóður |
| LX | Útibú sparisjóðs |
| M1 | Lífeyrissjóður |
| N1 | Félagasamtök |
| N2 | Áhugamannafélag |
| NX | Önnur félagasamtök/áhugamannafélög |
| P1 | Húsfélag |
| P2 | Félagsbú |
| P3 | Veiðifélag |
| P4 | Félag í frístundabyggð |
| R1 | Útibú erlends félags |
| R2 | Erlent félag með tímabundna starfsemi á Íslandi |
| Z1 | Erlent félag/fyrirtæki v/bankaviðskipta |
| Z2 | Sjóður/deild innan fjármálafyrirtækis |
| Z3 | Erlent félag/fyrirtæki v/bankaviðskipta m/takmarkaða ábyrgð |
| ZX | Önnur félög utan aðalskrár |

## 2.33. Útgáfuland

*Type: xs:string*

*Pattern: ([A-Zl0-9]{3})?*

Skrá skal land þar sem fjármálagerningur er gefinn út.

## 2.34. Nýr fjármálagerningur

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Hafi fjármálagerningur verið keyptur á tímabilinu, þ.e. frá síðustu skýrsluskilum, skal merkja „Já“.
Að öðru leyti skal velja „Nei“.

## 2.35. LTV (veðtryggð skuldabréf)

*Type: xs:decimal*

Á einungis við um fasteignaveðtryggð skuldabréf:

$$LTV = \frac{\text{(L (Bókfært virði skuldabréfs)+(virði lána sem eru framar í veðrétti)}}{\text{V(Markaðsverð eða verð sem miðað er við við lántöku)}} = X\%$$

LTV skal reikna að teknu tilliti til lána sem eru á undan í veðröð.

Ávallt skal miða við nýjustu fáanlegu upplýsingar, t.d. LTV við lánveitingu eða uppfærðar upplýsingar sé sjóðurinn að fylgjast reglulega með LTV.

## 2.36. Vextir

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Ef um vaxtaberandi eignir er að ræða skal velja fasta eða breytilega vexti.

- Fastir
- Breytilegir
- Á ekki við

Fyrir tegundaflokka A.a, A.b, B.a, B.b, B.c. C.a, D.a, D.b, F.a, F.b. skal merkja "fastir", "breytilegir", eða "á ekki við" þar sem við á.

Ef vextir eru endurskoðaðir á líftíma fjármálagernings skal velja „Breytilegir vextir". Einungis skal velja „Fastir" ef vextir eru fastir út líftíma fjármálagernings.

## 2.37. Afleiður

Eftirfarandi liðir 2.37.1-2.37.5 eiga einungis við um eignaflokkinn Afleiður (F.a)

### 2.37.1. Staða afleiðna (kaupandi/seljandi afleiðu)

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Veljið formerki afleiðna „+/-". Plús táknar kaupanda, mínus táknar seljanda.

### 2.37.2. Afleiðutegundir

*Type: xs:string*

*Enumeration*

Velja skal tegund afleiðu úr flettilista.

Flettilisti:

1. Framvirkur samningur (e. forwards),
2. Framtíðarsamningur (e. futures),
3. Kaupréttur (e. call option),
4. Söluréttur (e. put option),
5. Gjaldmiðlasamningur (e. currency swap),
6. Áskriftarréttindi (e. warrant)
7. Annað.

Sé „Annað" valið skal skrifa skýringu í liðinn „Athugasemdir" (sjá lið 2.41)

### 2.37.3. Afleiður: Samningsfjárhæð

*Type: xs:decimal*

Samningsfjárhæð afleiðu (e. Notional value).

### 2.37.4. Afleiður: Undirliggjandi fjármálagerningur

*Type: xs:string*

*Length: 12*

*Pattern: ([A-Z\h0-9]{12})?*

Skrá skal inn undirliggjandi fjármálagerning sem afleiðan tekur til. Nota skal ISIN eða auðkenni undirliggjandi fjármálagernings eins og það er skráð í skýrsluskilunum (sjá liði 2.12 og 2.13).

### 2.37.5. Virði afleiðu

*Type: xs:decimal*

Slá skal inn virði afleiðu á uppgjörsdegi.

## 2.38. Ytri lánshæfismatsaðili

*Type: xs:string*

*Length: 255*

Slá skal inn viðurkenndan lánshæfismatsaðila (e. certified credit rating agencies) fyrir útgefendur (eða vörsluaðila innlána) eftirfarandi fjármálagerninga, liggi slíkt fyrir. Sjá lista hér yfir erlenda viðurkennda lánshæfismatsaðila: https://www.esma.europa.eu/supervision/credit-rating-agencies/risk

Á við eftirfarandi flokka:

- Ríkisvíxlar og -skuldabréf (A.a)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátrygginga-félaga (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

### 2.38.1. Ytra lánshæfismat, einkunn

*Type: xs:string*

Slá skal inn lánshæfismat þar sem við á fyrir þá útgefendur fjármálagerninga sem falla undir eignaflokka sem tilgreindir eru í lið 2.38 hér að framan.

Bankainnstæður og peningamarkaðsskjöl fái skammtímaeinkunn. Ef fjármálagerningur hefur fengið sérstaka einkunn ber að nota hana (t.d. sértryggð skuldabréf).

## 2.39. Innra lánshæfismat, einkunn

*Type: xs:string*

Leggja skal mat á mótaðilaáhættu. Slá skal inn innra lánshæfismat á skalanum 1-7 með tilliti til líkna á vanefndum yfir eins árs tímabil:

| *Útlánaþrep* | *Líkur á vanefndum yfir eins árs tímabil* |
|---|---|
| 0 | 0 |
| 1 | ≤0,5% |
| 2 | ≤1,5% |
| 3 | ≤3.5% |
| 4 | ≤ 7,5% |
| 5 | ≤14,5% |
| 6 | ≥ 14,5% |
| 7 | Á ekki við |

Slá skal inn innra lánshæfismat fyrir eftirfarandi flokka:

- Ríkisvíxlar og -skuldabréf (A.a)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

## 2.40. Nafnávöxtun

*Type: xs:decimal*

Slá skal inn heildarnafnávöxtun ÁTD (ávöxtun frá áramótum) í prósentum með tveimur aukastöfum fyrir hvern tegundaflokk einu sinni, ekki fyrir hvern fjármálagerning. Þ.e. fyrir 3,50% nafnávöxtun skal slá „3,50“.

Útreikningur nafnávöxtunar miðast við uppgjörsaðferð sjóðsins. Ekki á að reikna ávöxtunina á ársgrundvelli. Verið er að leitast eftir að fá upplýsingar um nafnávöxtun fyrir hvern tegundaflokk, A.a, A.b, B.a, B.b, B.c, C.a, C.b, D.a, D.b, E.a, E.b, E.c, F.a, F.b.

Setja skal nafn lífeyrissjóðs í „Útgefandi Heiti“ (sjá lið 2.8). Eingöngu skal skrá nafnávöxtun einu sinni fyrir hvern tegundaflokk. Dæmi um útfyllingu á skyldureitum samhliða nafnávöxtun hvers tegundaflokks:

| *Tegund fjárfestingar* | *A.a* | *A.b* | *…* | *F.a* |
|---|---|---|---|---|
| Kennitala | Kennitala skilaaðila | Kennitala skilaaðila | Kennitala skilaaðila | Kennitala skilaaðila |
| Útgefandi heiti | Heiti lífeyrissjóðs | Heiti lífeyrissjóðs | Heiti lífeyrissjóðs | Heiti lífeyrissjóðs |
| Meðallíftími | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Verðtryggt | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Fjöldi eininga | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Gengi | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Gjaldmiðill | ISK | ISK | ISK | ISK |
| Gengi gjaldmiðils | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Bókfært verð | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarverðmæti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kröfuvirði | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Kaupkrafa/Gangvirði | Gangvirði | Gangvirði | Gangvirði | Gangvirði |
| Uppgreiðanlegt skuldabréf | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Útgáfuland | Ísland | Ísland | Ísland | Ísland |
| Nýr fjármálagerningur | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Vextir | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Kaupandi/seljandi (á við F.a) | .. | .. | .. | Á ekki við |
| Afleiðutegund (á við F.a) | .. | .. | .. | Annað |
| Samningsfjárhæð (á við F.a) | .. | .. | .. | 0 |
| Nafnávöxtun | X,XX% | X,XX% | X,XX% | X,XX% |

### 2.41. Athugasemd

*Type: xs:string*

*Length: 3000*

Aðrar athugasemdir og/eða útskýringar sem rétt er að komi fram, t.d. ef verið er að nýta sér undanþáguákvæði eða bráðabirgðaákvæði laga.

# 3. Gagnareglur

Sjálfvirkar gagnareglur hafa verið virkjaðar fyrir gagnamódelið til að auka skilvirkni í viðtöku gagna, bæta gæði þeirra og einfalda úrvinnslu upplýsinga sem berast Fjármálaeftirlitinu á rafrænu formi.

Gagnareglurnar eru keyrðar í gegnum vefþjónustu þegar tekið er við gögnunum og standist gögnin ekki gagnareglu fær skilaaðili tölvupóst þess efnis. Meðhöndlun tilvika þar sem gögn standast ekki gagnareglu má skipta í tvo flokka eftir því hvort um villu eða aðvörun er að ræða. Í tilfelli villu er gagnaskilunum hafnað og gögnum ekki veitt viðtaka, en í tilfelli aðvörunar er gögnunum veitt viðtaka. Í báðum tilfellum fær skilaaðili tölvupóst þar sem fram kemur skýring á því hvaða gögn stóðust ekki prófun og þarf að bæta.

Gagnareglur sem hafa verið virkjaðar er að finna í Viðauka.

# 4. Viðauki

Tegund fjárfestingar, flokkuð eftir fyrirfram tilgreindum tegundarflokkum, samanber tl. 1-6 í 36. gr. a laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- Ríkisvíxlar og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b.)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnanna og vátryggingafélaga, að undanskyldum víkjandi skuldabréfum (C.a.)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b.)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

| *Regla* | *Lýsing* | *Útreikningur* | *Villa/ Aðvörun* |
|---|---|---|---|
| 1 | Í dálkinn „Dagsetning" skal setja inn uppgjörsdagsetningu. | Uppgjörsdagur er á undan skiladegi. | Villa |
| 2 | Slá skal inn annað hvort „Útgefandi Kennitala" eða „Útgefandi LEI" ef útgefandi er erlendur aðili. Ef um er að ræða einstakling eða fasteign skal slá inn kennitölu lífeyrissjóðsins. | Ef tegund = (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c.), (C.a), (C.b), (D.a), (D.b), (E.a), (E.b), (F.a) og (F.b.), þá skal skrá inn annað hvort kennitölu eða LEI kóða útgefanda. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal fylla inn kennitölu skilaaðila. | Aðvörun |
| 3 | Dálkurinn „Útgefandi Heiti" skal fylltur út. | Ef tegund = (E.c) þá skal skrá heimilisfang. Ef Útgefandi er einstaklingur, eins og í tilfellum sjóðfélagalána (kennitala lífeyrissjóðs þá fyllt út) skal rita „Einstaklingur". Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal fylla inn heiti lífeyrissjóðs. | Villa |
| 4 | Dálkurinn „Rekstrarfélag Heiti" skal fylltur út fyrir eignaflokka (C.b) og (E.b). | Ef tegund = (C.b) og (E.b) þá verður „Rekstrarfélagheiti" að vera útfyllt. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal fylla inn heiti lífeyrissjóðs. | Aðvörun |
| 5 | Dálkurinn „Útgefandi Kennitala" má ekki vera eins og „Rekstrarfélag Kennitala". | Ef tegund = (C.b) og (E.b) þá má kennitala ekki vera sú sama og í „Rekstrarfélag kennitala". Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal fylla inn kennitölu skilaðila. | Aðvörun |
| 6 | Dálkurinn „ISIN" númer skal fylltur út að lágmarki fyrir skráð bréf. | Ef dálkurinn „Skráð" = „Skráð" þá skal ISIN útfyllt. | Villa |
| 7 | Dálkurinn „Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer" skal fylltur út. | Auðkenni skal fyllt út þar sem við á, ef tegund (A.b), þá skal lánanúmer fyllt út. Ef tegund (E.c) þá skal fastanúmer fasteignar fyllt út. | Aðvörun |
| 8 | Dálkurinn „Tegund fjárfestingar" skal fylltur út | Fyrir allar fjárfestingar skal velja viðeigandi tegundaflokk úr flettilista, (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (C.b), (D. a), (D.b), (E.a), (E.b), (E.c), (F.a.) og (F.b). | Villa |
| 9 | Dálkurinn „Meðallíftími" skal fylltur út fyrir öll skuldabréf og innlán. | Ef tegund = (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (D. a), (D.b), (F.a.) og (F.b) ≥ 0 Á ekki við um (C.b), (E.a), (E.b) og (E.c). Fylla skal inn 0 þegar dálkurinn "nafnávöxtun" er fylltur út. | Aðvörun |
| 10 | Dálkurinn „Skráð" skal fylltur út sem „Á ekki við" fyrir viðkomandi eignaflokka. | Ef tegund = (A.a), (A.b), (B. b), (C.b), (E.c), þá skal færa „Á ekki við". | Villa |
| 11 | Dálkurinn „Skráð" skal fylltur út sem „Skráð", „Óskráð" eða „Skráð á MTF" fyrir viðkomandi eignaflokka. | Ef tegund = (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (E.a) og tegund (F.a) og (F.b) þá „Skráð", „Óskráð" eða „Skráð á MTF". | Villa |
| 12 | Dálkurinn „Skráð" skal fylltur út sem „skráð", „óskráð" eða „á ekki við" fyrir viðkomandi eignaflokk. | Ef tegund = (E.b) og sjóður er innleysanlegur, þá skal velja „Á ekki við" annars „Skráð" eða „Óskráð". | Villa |
| 13 | Dálkurinn „Verðtryggt" skal fylltur út fyrir öll skuldabréf *ef við á.* | Merkja skal „Já" eða „Nei" fyrir allar tegundir fjárfestinga eftir því sem við á. Þegar dálkurinn nafnávöxtun er fylltur út skal velja „Nei". | Villa |
| 14 | Í dálkinn „Fjöldi" skal skráður fjöldi eininga eða nafnverð verðbréfa. | Fyrir allar tegundir fjárfestinga A til F skal velja fjölda eininga eða nafnverð verðbréfa. Skrá skal 0 þegar dálkurinn "nafnávöxtun" er fylltur út. | Villa |
| 15 | Dálkurinn „Gengi" skal fylltur út. | Ef tegund innlán þá gengi = 1 fyrir ISK. (B.a) | Villa |
| 16 | Dálkurinn „Gjaldmiðill". | Fyrir allar tegundir skal velja viðeigandi gjaldmiðil úr flettilista. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja ISK | Villa |
| 17 | Dálkurinn „Gengi Gjaldmiðils" skal fylltur út. Miða skal við miðgengi SÍ í lok uppgjörsdags. | Gengi gjaldmiðils = 1 fyrir gjaldmiðilinn ISK. Gengi gjaldmiðils =1 þegar reiturinn "nafnávöxtun" er fylltur út". | Villa |
| 18 | Dálkurinn „BókfærtVerð" er margfeldi svæðanna, fjöldi eininga * gengi * gengi gjaldmiðils. | Fjöldi x gengi x gengi gjaldmiðils = bókfært verð. Bókfært verð getur aðeins = 0 þegar dálkurinn "nafnávöxtun" er fylltur út. | Aðvörun |
| 19 | Dálkurinn „Heildarverðmæti" skal fylltur út fyrir heildarútgáfu skuldabréfa í ISK. | Ef tegund = (A.a), (B.a), (B,c), (C.a), (D.a) og (D.b) er skráð þá tilgreina heildarverðmæti. Skrá skal "0" þegar nafnávöxtun er fyllt út. | Villa |
| 20 | Dálkurinn „Heildarverðmæti" skal fylla út með heildarvirði heildarútgáfu hlutabréfa og/eða hlutdeildarskírteina í ISK. | Ef tegund = (C.b), (E.a) og (E.b) þá tilgreina heildarverðmæti. "Skrá skal "0" þegar nafnávöxtun er fyllt út". | Villa |
| 21 | Kröfuvirði á að vera hærra en eða jafnt og bókfært virði nema í undantekningartilfellum. | Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.b) þá á að færa kröfuvirði sem er ≥ bókfært virði, nema í undantekningartilfellum. Ef tegund (E.c) þá skal færa inn verðmat fasteignar. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal slá inn 1. | Aðvörun |
| 22 | Ef dálkurinn "Staða innheimtu" er merkt "Vanskil>90dagar" þá skal slá inn samtals fjárhæð/afborganir í vanskilum | Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a) og (F.b) er skráð í "Vanskil >90dagar" skal slá inn fjárhæð í vanskilum. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja „Á ekki við". | Aðvörun |
| 23 | Dálkurinn „Kaupkrafa/Gangvirði" skal fylltur út. | Merkja við „Kaupkröfu" eða „Gangvirði" eftir því sem við á. Á ekki við (A.b), (B.b), (C.b), (E.a), (E.b) og (E.c). Merkja skal við „gangvirði" þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út. | Villa |
| 24 | Dálkurinn „Uppgreiðanlegt skuldabréf" skal fylltur út. | Fyrir tegundaflokka A.a, A.b, B.a, B.c. C.a, D.a, D.b. F.b, skal merkja "já", "nei", eða "á ekki við" þar sem við á. | Villa |
| 25 | Fylla skal inn dagsetningu í dálkinn "Útgáfudagur" fyrir viðeigandi tegundaflokka. | Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a) og (F.b) skal slá inn útgáfudagsetningu. Annars á ekki við. Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a) og (F.b) skal slá inn útgáfudagsetningu. Annars á ekki við. | Aðvörun |
| 26 | Fylla skal inn dagsetningu í dálkinn "Lokagjalddagi" fyrir viðeigandi tegundaflokka. | Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a) og (F.b) skal slá inn lokagjalddaga. Þegar reiturinn "nafnáöxtun er fylltur út skal slá inn skiladagsetningu | Aðvörun |

| *Regla* | *Lýsing* | *Útreikningur* | *Villa/ Aðvörun* |
|---|---|---|---|
| 27 | Dálkurinn „KaupandiSeljandiAfleiðu" skal fylltur út. | Ef tegund = (F.a) þá skal velja formerki afleiða (+/-). | Aðvörun |
| 28 | Auðkennið „ÍSAT2008" skal fyllt út. | Velja skal ÍSAT 2008 númer sem samsvarar meginstarfsemi útgefanda fyrir bæði erlenda og innlenda aðila á forminu xx.yy.z. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal fylla inn ISAT númerið 99.99.9. | Aðvörun |
| 29 | Dálkurinn „Rekstrarform" skal fylltur út. | Nálgast skal rekstrarform úr lista yfir "Rekstrarform RSK" fyrir bæði innlenda og erlenda aðila. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja rekstrarform lífeyrissjóðs M1. | Aðvörun |
| 30 | Dálkurinn „Útgáfuland" skal fylltur út. | Velja „Útgáfuland" fyrir alla fjármálagerninga. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja Ísland. | Villa |
| 31 | Dálkurinn „Nýr fjármálagerningur" skal fylltur út. | Velja skal „já" eða „nei" fyrir allar tegundir nema ef um innlán er að ræða. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja „Nei". | Villa |
| 32 | Dálkurinn „LTV(veðtryggð skuldabréf)" skal fylltur út. | Ef tegund = (A.b) þá „LTV". Slá skal inn LTV ef við á í tegundaflokkum (D.a) og (D.b). | Aðvörun |
| 33 | Dálkurinn „Vextir" skal fylltur út. | Fyrir tegundaflokka (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a), (F.b) skal merkja "Fastir", "breytilegir" eða "á ekki við" þar sem við á. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja „Á ekki við". | Villa |
| 34 | Dálkurinn „Afleiðutegundir" skal fylltur út. | Ef tegund = (F.a) þá skal tilgreina tegund samkvæmt flettilista. Þegar reiturinn „nafnávöxtun" er fylltur út skal velja „Annað". | Aðvörun |
| 35 | Ef dálkurinn „Afleiðutegund" er fylltur út þarf einnig að skrá „Samningsfjárhæð" | Ef tegund = (F.a) þá skal fylla út "Samningsfjárhæð". "Samningsfjárhæð"=0 ef dálkurinn "nafnávöxtun" er fylltur út. | Villa |
| 36 | Ef dálkurinn „Afleiðutegund" er fylltur út þarf einnig að skrá „Undirliggjandi fjármálagerningur". | Ef tegund = (F.a) þá skal fylla út "Undirliggjandi fjármálagerningur". | Aðvörun |
| 37 | Fylla skal út dálkinn "innra lánshæfismat" ef við á. | Fyrir tegundaflokka (A.a), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a), (F.b) skal fylla inn innra lánshæfismat á skalanum 1-6 m.v. væntar tapslíkur, eða velja „7. Á ekki við". | Aðvörun |
| 38 | Fylla skal út "Ytri lánshæfismatsaðili" þar sem við á. | Fyrir tegundaflokka (A.a), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.a), (F.b) ef við á. | Aðvörun |
| 39 | Fylla skal út Ytra lánshæfismats-einkunn þar sem við á. | Ef dálkurinn "Ytri lánshæfismatsaðili" er útfylltur skal fylla hér inn einkunn fyrir sama fjármálagerning. | Aðvörun |
| 40 | Nafnávöxtun skal fylla út fyrir alla tegundaflokka í einni samtölu. | Uppsafnaða nafnávöxtun, m.v. skiladagsetningu frá áramótum, skal fylla út fyrir hvern einstaka tegundaflokk í einni samtölu en ekki hvern einasta fjármálagerning. Sjá kafla 2.40 til skýringar á útfyllingu í skema. | Aðvörun |
| 41 | Neikvætt bókfært virði | Bókfært virði < 0 | Aðvörun |

SEÐLABANKI ÍSLANDS